

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 388. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 5. febrúar 2025 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 189. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 29. janúar 2025.
- 2) Fundargerð 26. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 14. janúar 2025.
- 3) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 13. janúar 2026.
- 4) Fáliðunaráætlun Leikskóla Snæfellsbæjar.
- 5) Fundargerð 78. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.
- 6) Bréf frá Félagsmiðstöðinni Afdrep, dags. 24. janúar 2024, varðandi Ævintýranámskeið fyrir 10-12 ára börn í Snæfellsbæ í sumar.
- 7) Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 22. janúar 2025, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíárinu 2024/2025.
- 8) Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólapjónustu Snæfellinga, fyrri umræða.
- 9) Bréf frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 20. janúar 2025, varðandi verkfallsboðun félagsins.
- 10) Ályktun haustfundar Félags íþróttta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi, vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum.
- 11) Bréf frá Umhyggju, dags. 28. janúar 2025, varðandi stöðu fatlaðra barna í verkfalli KÍ.
- 12) Bréf frá Herdísí Storgaard, dags. 27. janúar 2025, varðandi Miðstöð slysavarna barna.
- 13) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 3. febrúar 2025
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 189189. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 29. janúar 2025
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Smári Jónas Lúðvíksson.

Fundargerð ritaði: Smári Jónas Lúðvíksson, Starfsmaður tæknideildar.

Vegna veðurs sat hluti fundarmanna í gegnum Teams.
Gunnþóra Guðmundsdóttir skipulagsfulltrúi sat fundinn
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir aðstoðarmaður byggingarfulltrúa sat fundin í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

2. Öxl - Breyting á deiliskipulagi - 2501011

JT verk óskar eftir breytingu á deiliskipulagi Axlar fyrir hönd landeigenda. Óskað er eftir breytingu m.a. til að bregðast við athugasemendum veðurstofunnar vegna lýsingar fyrir nýtt deiliskipulag og skýrslu Veðurstofunnar sem nú liggur fyrir.

Par sem tilfærsla byggingarreits hefur ekki áhrfi á nálæga byggð telur Umhverfis- og skipulagsnefnd að breytingin sé óveruleg. Breytingin verður borin undir Vegagerðina. Nefndin gerir ekki athugasemd við að skipulagshöfundur gangi frá breytingunni.

Samþykkt

3. Deiliskipulag - Háarif - 2501010

Kynnt eru frumdrög vegna deiliskipulags Rifs, en fyrirhugað er að ganga frá deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Hellissandi, í Rifi og Ólafsvík. Aðeins liggur fyrir "deiliskipulagsígildi" þéttbýlisstaðanna, en það eru kort sem unnin voru á vegum Skipulags ríkisins (nú Skipulagsstofnun) á liðinni öld.

Óskað er heimldar til að hefja ferlið með því að kynna tillögu að lóðarmörkum fyrir lóðarhöfum, áður en tillaga verður unnin.

Umhverfis- skipulagsnefnd tekur jákvætt í framkomin frumdrög. Nefndin leggur til að skilgreind verði lóð undir fjárhús handan Háarifs.

Jafnframt að skilgreindur verði afnotaréttur túna og í framhaldi verði gerður lóða- og afnotasamningur. Byggðin er víkjandi ef askomendur Friðþjófs heitins hætta að nýta svæðið til sauðfjárbúskapar.

Samþykkt

Hildigunnur Haraldsdóttir Skipulagsráðgjafi yfirlagfundur eftir afgreiðslu máls.

9. Enduskoðun á samþykkt um götu og torgsölu - 2501016

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Lögð er fram til endurskoðunar samþykkt um götu og torgsölu sem samþykkt var í Umhverfis og skipulagsnefnd þann 12.12.2019.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að 2. mgr. 4. gr. Gildandi samþykktar er varðar útlit, aðstöðu og merkingar verði breytt. Í gildandi samþykktum segir að borð fyrir sitjandi skuli ekki vera fleiri en 1 við hvern matarvagn og með sæti fyrir hámark 6 manns. Nefndin leggur til að fjölda borða verði fjölgæð í 2 en fjöldi standborða verði óbreyttur.

Samþykkt

4. Fellaslóð 1 og 2 - Umsókn um viðbyggingu og tengibyggingu - 2412002

Ómar Pétursson hönnuður sækir fyrir hönd Birkisól ehf um byggingarleyfi fyrir 189 fm viðbyggingu við núverandi þjónustuhús að Fellaslóð 1 en viðbygging verður á Fellaslóð 2.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir sitt leyti að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

A fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar nr. 122 sem framför þann 13.12.2018 samþykkti nefndin úthlutun á lóðinni Fellaslóð 2 til núverandi lóðarhafa. Í ljósi þess hversu langt er liðið frá úthlutun lóðarinnar leggur nefndin áherslu á að tímamörkin til þess að uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar er varða útgáfu byggingarleyfis og til að hefja framkvæmdir á lóðinni séu allt að tólf mánuðir f.o.m 1 febrúar n.k. Verði framkvæmdir ekki hafnar innan tilskilins frests mun Snæfellsbær auglýsa lóðina að nýju lausa til umsóknar.

Samþykkt

5. Lækjamót - Umsókn um leyfi fyrir frístundahúsi og gestahúsi - 2412008

Hildur Bjarnadóttir arkitekt sækir fyrir hönd Stefáns Þórs Herbertssonar um byggingarleyfi fyrir 62,2 fm frístundahúsi og 16,2 fm gestahúsi að Lækjamótum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir útgáfu byggingarleyfis að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Samþykkt

6. Öxl 136314 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi - 2501001

Björn Jónsson sækir um leyfi til þess að rífa hluta af útihúsum hans sem standa á jörðinni Öxl.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Samþykkt

7. Grunnskóli snæfellsbæjar - Ólafsvík - uppsettning varmadæla - 2501012

Snæfellsbær óskar eftir að setja upp þjár varmadælur á grunnskóla Snæfellsbæjar Ólafsvík. Tvær varmadælur verða settar á vesturgafi skólans og ein við anddyrið. Eru þær hugsaðar til að lækka kyndingakostnað, minnka álag á hitatúpuna og fá hreyfingu á loftið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og að vamradælum verði komið fyrir í samræmi við kynningu á fundi.

Samþykkt

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

8. Arnarstapavegur - umsókn um stöðuleyfi - 2501013

Filip Procházka sækir um f.h Frista ehf um stöðuleyfi fyrir matarvagn á bílastæði við Arnarstapaveg.

Frysta ehf er með gilt starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið enda eru öll skilyrði uppfyllt.

Samþykkt

1. Amtmannshúsið - Fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa - 2406014

Fyrir fundi liggar tillaga að velliðunar húsi við Amtmannshúsið á Arnarstapa.

Hönnuðir verkefnisins koma inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og kynna nýjustu hugmyndir um hönnun verkefnisins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í útfærlu A, sem kynnt var. Nefndin fer fram á að gert verði deiliskipulag fyrir lóðina og hugað verði að lægri mænishæð velliðunaráhúss.

Jákvætt

Kristján eggertsson hjá Krads arkitektum mætti fyrir hönd umsækjanda.

10. Gíslabær 136277 - breytt notkun á útihúsi - 2501009

Eigendur Gíslabæjar óska eftir leyfi til að breyta húsakosti á lóðinni í frístundarhús. Þak hússins hefur verið fjarlægt en útveggir hússins eru í ágætu standi og verða þeir notaðir við endurbyggingu og klæddir að utanverðu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt i erindið og óskar eftir frekari gögnum.

Jákvætt

11. Gröf 3_Merkjalýsing_Stofnun lóðar úr landi Grafar - 2501014

Víðir Þór Herbertsson óskar eftir að stofna lóð úr landi Grafar (L136279). Fyrir liggar merkjalýsing vegna stofnunar 2,87 ha lóðar úr landi Grafar (L136279) í Snæfellsbæ. Lóðin liggar að landamerkjum Grafar og Litla-Kambs (L136293). Aðkoma að svæðinu er af Útnesvegi (574) og um heimreið sem liggar í gegnum lóðina Kross (L232484). Undirrituð kvöð um aðkomu að lóð Grafar 3 fylgir.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir merkjalýsinguna sem lögð var fram.

Samþykkt

12. Körfuboltavellir við grunnskólana í Ólafsvík og Hellissandi - 2501006

Til stendur að reisa körfubolta velli við Grunskólann í Ólafsvík og á Hellissandi. Kynntar eru hugmyndir um staðsetningu og stærð vallanna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í þær hugmyndir sem lagðar voru fram. Nefndin felur tæknisviði að vinna útfærslu vallanna áfram og bera undir skólayfirvöld.

Kynnt

13. Fráveita Snæfellsbæjar 2025 - 2501007

Staða fráveitumála í Snæfellsbæ kynnt.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Fráveitumál rædd.

Kynnt

14. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2025 - 2412010

Umhverfis - og skipulagsnefnd samþykkir beiðni Hildigunnar Haraldsdóttur arkitekts að taka að sér verkefni samræmingarhönnuðar vegna endurbóta og breytinga í Viðvík.

Umhverfis- og skipulagsnefnd óskar eftir að bæjarmálasamþykkt verði breytt á þann veg að heimilt verði að nýta rafrænar undirskriftir við fundargerðir.

*Umræður tekna um Norðurtanga 1 vegna auglýsingar á gistaðstöðu í húsinu.
Byggingarfulltrúa og slökkvisskjóra er falið að kanna málið betur.*

Umræða tekin vegna sorphirðu og gengi hennar frá því í desember.

Kynnt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12.20.

26. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 14. janúar 2025 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Valgerður Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Vagn Ingólfsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Matthías Páll Gunnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Endurbætur á hafnarhúsini í Ólafsvík halda áfram. Hlé var gert að mestu á framkvæmdum frá júlí til nóvember s.l. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- b) Framkvæmdum við stækkun og hækjun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunarkrana, stigaljós, 8 stk. fendera og ganga frá búnaði vegna vatnslagna.
- c) Samið var við Flakkarann ehf. vegna dýpkunar við gafl Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík. Framkvæmdir hófust 06.11. s.l. og var svæðið dýptarmælt 16.12. s.l. Þá kom í ljós að ekki er fullt dýpi á öllu svæðinu og er því gert ráð fyrir verklokum 31.01. n.k. Magn dýpkunarefnis er áætlað 770 m3.
- d) Framkvæmdum við 40.0 m. sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi er lokið.
- e) Hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík ásamt fyrirstöðugarði er lokið. Þá er vinnu við botnrannsóknir og öldufarsmælingar lokið og liggja niðurstöður fyrir. Útboð á stálþilsefni verður auglýst í viku 4, 2025.
- f) Unnið var við endurnýjun á pollum á Suðurþili í Ólafsvík. Búið er að skipta um 4 stk. af 10. Framkvæmdum frestað til næsta sumars.
- g) Búið er að tengja og ganga frá öllum búnaði vegna nýrra vatnslagna á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík. Framkvæmdum lokið.
- h) Unnið var við endurnýjun á öllum ljósastólum á hólasvæðinu við Rifshöfn. Framkvæmdum lokið.
- i) Búið er að yfirfara allan lausan öryggisbúnað við Ólafsvíkurhöfn og Arnarstapahöfn og mála það sem við á. Framkvæmdum lokið.
- j) Unnið er að smá breytingum á hafnarhúsini á Arnarstapa, verið er að breyta herbergi í geymslu og verkstæði.
- k) Dýptarmælt var í innsiglingunum og innan hafna í Rifshöfn og Ólafsvíkurhöfn í desember s.l.
- l) Verið er að vinna að því að fá dýpkunarskip til að dýpka innsiglinguna til Rifshafnar.

Björn er formaður stjórnar Jaðars fór yfir framkvæmdir vegna anddyris á Jaðri:

- a) Framkvæmdir við nýtt anddyri halda áfram. Búið er að reisa viðbygginguna og framkvæmdum utanhúss að mestu lokið ásamt steypu á stétt. Verið er að vinna innanhúss við flísalögnum á gólfum.

2) Ragnar fór yfir punkta vegna byggingarfulltrúa:

- a) Framkvæmdir við nýtt anddyri við Jaðar gengur vel. Búið er að loka húsinu að mestu að utan verðu. Unnið er að frágangi inni og er flísalögnum langt komin. Rennihurðir verða settar upp þegar mestu rykvinnunni er lokið. Gengið verður frá klæðningu á framhlið í framhaldi.

Jónasson, Arnaldsson, Valgerður Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Vagn Ingólfsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Matthías Páll Gunnarsson, and Lilja Ólafardóttir

- b) Stækkun leikskólans í Ólafsvík en langt komin og er verið að leggja lokahönd á frágangi inni. Innréttigar, blöndunartæki og hurðir verða setta upp á næstu dögum. Þegar mesti snjórinn er farinn og frostið farið úr jörðu verður gengið frá lóð í kringum stækkunina.
- c) Byrjað er að undirbúa framkvæmdir sem farið verður í næsta sumar hvort sem er í gatnaframkvæmdum eða viðhaldi fasteigna.
- d) Tölувvert hefur verið um stofnun nýrra lóða undanfarna mánuði auk skráningu eignaskiptasamninga. Einnig hafa verið gefin út nokkur byggingarleyfi og gengið frá lokaúttektum frá síðasta fundi.
- e) Skipta þarf um nokkra glugga í Röst og Klifi næsta sumar og verða þeir pantaðir á næstu dögum.
- f) Unnið er að nýrri húsnæðisáætlun fyrir Snæfellsbæ en hlutverk hennar er að draga fram hver staða húsnæðismála er í sveitarfélaginu og greina hvert framboðið og eftirspurnin er á húsnæðismarkaðnum.
- g) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni að þjónusta íbúa Snæfellsbæjar, endurnýjun lóðarleigusamninga, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál og verkefni tengd framkvæmdum bæjarins, svo eitthvað sé nefnt.

3) Matthías fór yfir neðangreinda punkta:

Sundlaug

- a) Skjólþil var sett upp í karlaklefnanum
- b) Sundlaugarhúsið var málað að utan eina umferð í október. Þarf að fara aðra umferð í vor.
- c) Innipottur lagaður, skipt um hitastilli og danfossloka
- d) Ryksugu róbót keyptur fyrir sundlaug sem hreinsar alla sundlaugarskelina á næturnar.
- e) Tíðnibreytir bilaði á potti A, viðgerð stendur yfir.
- f) Vatn endurnýjað í potti A
- g) Sett nýtt dæluhjól í hringrásardælu A pott
- h) Skipt um lokumótor í lofræstikerfi fyrir varmaendurvinslu

Íþróttahús

- i) Endurnýjað var allt rafmagn, stjórntölva og stýringar fyrir Gold loftræstikerfi fyrir íþróttasal
- j) Leki kom á þak íþróttarhúss þar sem niðurfall hrökk í sundur. Var það lagað
- k) Skúringavél löguð

Slökkvilið

- l) Farið var í skólaheimsóknir á Hellisandi og Lýsuhóli með eldvarnarfræðslu.
- m) Bætt var við tveimur reykköfunartækjum ásamt fjarskiptabúnaði
- n) Viðgerð stendur yfir á BMW dælu, en hún var hætt að halda þrýsting.
- o) Farið var í tvær lokaúttektir.
- p) 4 slökkviliðsmenn fóru á verklegt námskeið 1 og 2 inn í Stykkishólmi 8 til 10 nóvember á vegum HMS
- q) Skófatnaður í slökkvigöllum var endurnýjaður
- r) Farið með reykköfunarhylki í skoðun þau þýstiprófuð

Tölvumál

- s) Við Lýsuhólsskóli var farið yfir netkerfi og sett upp Cloud key
- t) Settur upp nýr switc í GSNB Ólafsvík – gamli hafði bilaði eftir rafmagnsleysi
- u) Tvær tölvur lagaðar á leikskóla í Ólafsvík
- v) Sett upp tölvu á bókasafni
- w) Settur upp Cloud key og wifi endursett í GSNB Ólafsvík og Hellissandi
- x) Þrjú kennslusjónvörp sett up og nettengd í GSNB Hellisandi í stofum fyrir 3 til 4 bekk

VK
Bla
JL
MPC
Vagn
BB

- y) Fartölva á Jaðri sett upp
- z) Netkaplar lagðir í Klif einnig í varmadælu.
- aa) Sett upp webex símakerfi fyrir skólaritara
- bb) Lagfæringar á prentarmálum í GSNB Hellisandi og Ólafsvík

Annað

- cc) Ofnakerfi bilaði í Röstinni og viðgerð stendur yfir.

4) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Skipt um gólfefni á tveimur íbúðum á Jaðri ásamt öðrum smáverkum þar.
- b) Er verið að reyna að vinna í lausu íbúðinni í Vallholti 19. Búið er að rífa út það sem var ónýtt og byrjað að byggja upp.
- c) Verið er að lagfæra bilunina í ofnakerfinu í Röstinni.
- d) Búið er að vera að standsetja skrifstofurýmið og fundarherbergi í Félags- og skólaþjónustunni að Klettsbúð 4. Það sem búið er kemur vel út og hljóðvistin er mun betri.
- e) Komin er ný rúða í íbúð í Enghlíð 22, en sú gamla brotnaði um jólín.
- f) Önnur tilfallandi verkefni í stofnunum og íbúðum Snæfellsbæjar.

5) Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamanvirka.

- a) Hellissandur: teknar voru niður tússtöflur í þremur kennslustofum og gengið frá veggjum eftir þær, settir voru upp þrír 75 tommu kennsluskjáir í staðin fyrir töflurnar. Vinna við uppsetningu og tengingar settir með aðstoð Matthiasar. Kennslustofurnar voru sparslaðar og almálaðar, sólbekkir sparslaðir og lakkaðir.
- b) Vart hefur orðið við örlið sig á gólfí í einni kennslustofu (Skólabær), vinklar hafa verið settir á two útveggi til að fylgjast með því.
- c) Fylgst hefur verið með vatnsþrýstingi á hitakerfi skólans og bætt á eftir þörfum enda vatnsþrýstingur fallið.
- d) Búið er að tengja öll niðurföll á þakinu á grunnskólahúsnaðinu á Hellissandi.
- e) Brunaæfing var haldin og þá kom í ljós að sírenuvæl heyrðist ekki um alla bygginguna, bót hefur verið gerð á því með fleiri brunaboðum og fleiri handvirkum brunaboðum.
- f) Almenn vinna tengd skólanum og snjómokstur.
- g) Ólafsvík: settar upp kerfisisloftaviftur í tvær stofur til bætingar á loftgæðum.
- h) Anddyri kennara almálað og lýsing bætt. Skrifstofa aðstoðarskólastjóra máluð og hlutir lagaðir.
- i) Sorptunnuskýlum komið fyrir en úrbót þarf að gera varðandi lífrænt sorp þannig að flokkun geti veri góð.
- j) Ástand gólfduks í eldhúsi í Ólafsvík versnar og búið er að vera að bæta hann eins og hægt er.
- k) Búið er að vera í sambandi við dúkara varðandi lagfæringar á bókasafninu og klósettum.
- l) Annað tilfallandi í skólahúsnaðunum.

6) Tæknideildin: Smári og Valgerður fóru yfir neðangreinda punkta:

- a) Nýtt deiliskipulag í landi Axlar, nýtt deiliskipulag fyrir Litlu-Tungu og breytt deiliskipulag fyrir F-4 og F-5 á Arnarstapa hafa öll tekið gildi og verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
- b) Þau skipulagsmál sem eru í gangi núna eru fjögur en aðal- og deiliskipulagsvinna fyrir Dalbrekku í Ólafsvík er í gangi og verða tillögur auglýstar þegar þeirri vinnu er lokið. Í auglýsingu eru lýsingar og matslysingar vegna tveggja nýrra deiliskipulaga innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Annars vegar er um að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Malarrif, Svalþúfu og Vatnshelli og hinsvegar nýtt deiliskipulag fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík. Opið er fyrir athugasemdir til 30. janúar 2025 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.
- c) Undirbúa verkefni 2025
- d) Verkáætlunar og kostnaðar áætlunar nýframkvæmda og viðhaldssáætlana

- e) Undirbúnungur fyrir sumarvinnu og vinnuskóla
- f) Unnið samantekt á stöðu fráveitu í sveitarféluginu sem fyrsta skref í vinnu við gerð stefnu og aðgerðaráætlun í rekstri fráveitu sveitarfélagsins.
- g) Eftirfylgni með viðbyggingu við leikskólan krílakot.
- h) Eftirfylgni með nýju anddyri á Jaðri.
- i) Viðgerðir á hitaveitulögnum í Röst
- j) Umsókn í Húsfriðunarsjóð vegna Pakkhússins
- k) Eftirfylgni með Úrgangsmálum en nokkuð hefur verið um tafir á tæmingum í kringum hátfíðirnar og tekin var ákvörðun um að fjölga losunum á Plasti og pappa.
- l) Tekið hafa gildi nýjar/uppfærðar gjaldskrár sorphirðu, vatnsveitu og fráveitu, og Tæknideildar
- m) Ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs hefur tekið gildi og er aðgengileg á heimasíðu.

7) Kristinn fór yfir ýmis verkefni:

- a) Tímabilið hefur farið í jólaskreytingar, fyrst að setja upp og svo núna í janúar að taka þær niður.
- b) Vegna veðurs hefur mikill tími farið í söltun og í desember var farið með um 50 tonn af salti.
- c) Unnið var við hurðarnar sem fara eiga í leikskólabygginguna.
- d) Klæðningar voru málaðar fyrir anddyrið á Jaðri og leikskólabygginguna.
- e) Annað sem fellur til í kringum jóla- og snjómokstursösina, en snjómokstur hefur verið mikill í desember.

8) Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. febrúar kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:21

Kristinn Þurðarson

Björn Árnadóttir.

Matthias Páll Gunnarsson

Baldur Þórðarson

Valgerður Kristmannsdóttir.

Axíð Þóras

Smaði J. Línduksson

Dóra Ólafardóttir

Vagn Ingólfsson

Fundargerð - Fræðslunefnd

13. janúar 2025 - fundur hófst kl. 17:00

Sigrún Erla, Margrét Sif og Dagbjört Dúna

Tónlistarskóli Snæfellabæjar

Valentina koma á fundinn og fór yfir tónlistarskólamálin.

- Allt gott að fréttu úr tónlistarskólanum
- 76 nemendur og það eru nokkrir á biðlista.
- Framundan – Vortónleikar, tónfundir í febrúar, Dagur tónlistarskólans.
- Jenni er í veikindarleyfi kemur vonandi aftur inn fljótlega
- Húsnaðið: Búið að stækka þar sem tónlistarskólinn fékk rýmið sem eldriborgararnir voru með og stefnt er að taka það í notkun eftir sumarfrí.

Grunnskóli Snæfellsbæjar

Hilmar Már og Kristín Helga komu á fundinn og fóru yfir mál grunnskólans.

- Allt gott að fréttu úr grunnskólanum
- Starfsáætlun hefur verið lögð fram til kynningar.
- Verkfærakistan frá KVAN hefur verið fenign í samstarf með starfsfólkini varðandi samskipti og hópefli.
- Jólaútvarpið gekk vel
- 7.-10. Bekkur er að fá fræðslu um skaðsemi nikótíns.
- Inga myndmentakennari hefur verið að dugleg að sækja fyrirlestra fyrir nemendur sem tengjast listum.
- Hilmar er byrjaður að starfsmannasamtölin fyrir næsta skólaár og koma þau vel út, vill klára þau í janúar.

- Auglýsa þarf einhverjar stöður fyrir veturinn 2025-2026
- Hvað varðar viðhald þá þarf að halda áfram að laga það sem þarf að laga

**Rætt var um að Snæfellsbær þar að fara búa til nýja
menntastefnu/skólastefnu því sú sem er í gildi er orðin mjög gömul og
það þarf að uppfæra hana eða búa til nýja.**

Leikskóli Snæfellsbæjar

Hermína, Linda og Þórey komu og fóru yfir mál leikskólans.

- Ýmis fræðsla fyrir starfsfólk: smitsjúkdómar barna, Aðalheiður: erfið hegðun barna einnig ætla Vanda Sig frá KVAN að koma með smá fyrirlestur fyrir starfsfólk næst þegar hún kemur í Grunnskólann út frá verkfærakistunni.
- Í mars er starfsdagur og ætlar starfsfólk að fara í skólaheimsóknir í Borgarnes og á Akranes.
- Stjórnendur ætla að fara í smá yfirferð með starfsfólk i hvað varðar grunnþætti menntunar og taka hvern þátt fyrir sig til að minna starfsfólk á.
- Innleiðing á breytingum í aðalnámskrá hefur verið tekin inn á leikskólann
- Umbótaráætlun varðandi innramatið það er unnið í samráði við starfsfólk.
- Stjórnendur hafa búið til lausnarleitarteymi innan leikskólans þar sem fundað er reglulega
- Fimmtudagsmolarnir eru að fara til foreldra alla fimmtudaga.
- Engir biðlistar- alls 78 nemendur verða 80 talsins í febrúar.
- Foreldraviðtöl eru í febrúar
- Breyting á haustfundum sem er að koma vel út, deildarstjórar eru að stýra þeim og þá er hver deild að fara yfir veturinn og hvað sé framundan.

- Klára skólanámskránna og það þarf að setja inn sjálfbrotna leikinn samkvæmt aðalnámskrá.
- Viðbyggingin gengur ágætlega, hefur tafist smá en mikil spenna er fyrir að taka þetta í notkun.
- Starfsmannamál: það þarf að auglýsa eitthvað fyrir veturninn 2025-2026
- Bréf frá Hermínu leikskólastjóra um fáliðunarstefnu – rætt var út á hvað stefnan gengi og hvers vegna þær vilja að Snæfellsbær taki upp slíka stefnu.

Við í fræðslunefndinni erum sammála því að slík stefna er mikilvæg fyrir leikskólastjóra að hafa ef erfitt verður að halda úti leikskólastarfi og tryggja öryggi barnanna vegna mikillar manneklu sem hætta er á að skapist vegna veikinda og annarra óviðráðanlegra aðstæðna hjá starfsfólk.

Fundi slitið 19:00

Leikskólinn hefur fáliðunaráætlun sem gripið verður til þegar mannekla verður of mikil til að halda úti fullri starfsemi og tryggja öryggi og velferð allra. Fáliðun í leikskóla telst vera þegar of fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda barna hverju sinni.

Markmið með viðmiðunum er að:

- Tryggja öryggi barna
- Leikskólinn geti sinnt kennsluhlutverki sínu samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011
- Tryggja starfsumhverfi starfsmanna og fyrirbyggja ofálag.

Ástæður fáliðunar geta verið t.d. vegna:

- Veikinda starfsmanna.
- Veikinda barna (starfsmanna)
- Vegna óveðurs, starfsmenn komast ekki milli byggðakjarna.
- Vegna þess að ekki næst að ráða í allar stöður

Aðgerðir til að mæta fáliðun

Telji stjórnendur öryggi barna ekki tryggt og ábyrgð starfsmanna of mikil þarf að grípa til þess að skerða dvalartíma og senda ákveðinn fjölda barna heim úr skólanum eða loka deild.

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma eða lokunnar skoða skólastjórnendur samsetningu hópsins og fara yfir hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi.

- Starfsfólk færirist á milli deilda og eða starfsstöðva eftir þörfum.
- Afleysing er kölluð inn ef möguleiki er á.
- Starfsmenn lengja daglegan vinnutíma sinn sé þess kostur og fá greitt í yfirvinnu/frítöku.
- Kennrarar fresta undirbúningstíma.
- Inntöku nýrra barna frestað
- Matreiðsla einfölduð ef eldhússtarfsmann vantar til starfa.

Allir starfsmenn leikskólans vinna saman og aðstoða við það sem þarf og allir ganga í þau störf sem mikilvægast er að manna.

Framkvæmd skerðingar dvalartíma:

Komi upp sú staða að skerða þurfi dvalartíma skal ákvörðun um það tekin í samráði við leikskólastjóra. Það er gert samkvæmt sérstöku kerfi og miðast fjöldi skertra tíma/heimsendra barna við fyrrgreind barngildi/viðmið.

Skólastjórnendur leggja til með hvaða hætti skerðingin verður og litið er til eftirfarandi þátta:

- Skerðing getur verið fólgin í því að börn eru heima hluta úr degi eða allan daginn.
- Leitast skal við að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er.

- Tryggt sé að öll börn verði fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda öðru sinni.
- Reynt að hafa systkini heima á sama tíma.
- Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu skulu börn starfsmanna ekki send heim.

Börn eru send heim eftir stafrófsröð og eru efstu börn listans af þeirri deild, sem metið hefur verið að þurfi að grípa til áætlunar vegna, tekin fyrst og svo koll af kolli eftir því hve mörg börn þarf að senda heim hverju sinni. Næsta skipti er halddið áfram eftir listanum þar sem frá var horfið. Reynt er að haga málum þannig að systkini fari heim sama daginn.

Hringt er í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Ef ekki næst í foreldra þá verða send skilaboð í gegnum Karella kerfið. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

Skólastjóri og/eða staðgenglar tilkynna bæjarstjóra og bæjarritara um aðgerðir samkvæmt viðmiðum þessum.

Tekið er fram að þurfi að grípa til ofangreindra aðgerða er ávallt um neyðarráðstöfun að ræða.

Fundargerð 78. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 15. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Ingibjörg Hinriksdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundir stjórnar samtakanna með hagaðilum - 2311003SK

Rætt um hvaða aðila stjórn SSKS ætti að hitta til að þrýsta á um úrbætur í orkumálum. Meðal annars var rætt um að hitta innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Einnig taldi stjórnin mikilvægt að heyra í nýkjörnum alþingismönnum, sem og þá aðila sem nýkomnir eru til starfa í þessum geira s.s. Gest Pétursson nýjan forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar. Þá var nefnt að heyra m.a. í Byggðastofnun sem um árabil hefur, í samvinnu við Orkustofnun, reiknað út kostnað við raforkunotkun og húshitun á sömu viðmiðunarfasteigninni um land allt.

2. Staða mála sem framundan eru - 2311006SK

Rætt um raforkulög en í stjórnarsáttmála er sérstaklegatíundað að "Framlög verða áfram tryggð til jöfnunar húshitunar- og raforkukostnaðar heimila milli dreifbýlis og þéttbýlis." Í sáttmálanum er einnig sagt að horfa þurfi til lagabreytinga til að tryggja skilvirkari málsmeðferð innviðaframkvæmda á borð við flutningskerfi raforku.

Fundi var slitið kl. 08:37



Outlook

Bréf til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar: Ævintýranámskeið fyrir 10–12 ára börn

From Félagsmiðstöðin Afdrep <afdrep@snb.is>

Date Fri 1/24/2025 10:25 AM

To Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

Cc Kristfríður Rós Stefánsdóttir <kristfridur@snb.is>; Smári Jónas Lúðviksson <smarijonas@snb.is>

1 attachment (1 MB)

Ævintýranámskeið.pdf;

24. janúar 2025

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Kæru bæjarfulltrúar,

Við hjá Félagsmiðstöðinni Afdrep erum að vinna að skipulagningu Ævintýranámskeiðs fyrir 10–12 ára börn sem mun fara fram í Snæfellsbæ í júní og júlí. Námskeiðið er hannað með það að markmiði að veita börnum einstaka útivistareynslu í náttúru Snæfellsness, á sama tíma og þau efla félags- og samskiptahæfni sína, tengingu við náttúruna og styrk til að takast á við nýjar áskoranir.

Hvers vegna námskeiðið?

- Vellíðan barna og samfélagsþroski:** Námskeiðið gefur börnum tækifæri til að njóta summarins á virkan hátt í öruggu og hvetjandi umhverfi. Með áherslu á samvinnu og útinám stuðlar það að félagslegum þroska og jákvæðum tengslum milli þátttakenda.
- Nýting náttúruauðlinda á svæðinu:** Með því að nýta einstaka aðstöðu Snæfellsness – hvort sem það er þjóðgarðurinn, Vatnshellir eða hvalaskoðun – verður námskeiðið vettvangur þar sem börn fá að læra að meta og vernda sitt nánasta umhverfi.
- Stuðningur við unglings í vinnuskóla:** Vinnuskólinn getur gegnt lykilhlutverki í framkvæmd námskeiðsins, þar sem unglingsar fá tækifæri til að taka virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd, sem styrkir sjálfstæði þeirra og ábyrgðartilfinningu.

Framkvæmd námskeiðsins

- Tímabil:** Júní til júlí 2025.
- Dagskrá:** Tvær ferðir í viku, þar á meðal kajakferð í Grundarfirði, hvalaskoðun, útielundun, hjólaferð, gönguferðir og fleira.
- Samvinna:** Við viljum nýta þjónustu staðbundinna fyrirtækja fyrir ferðir og aðstöðu, sem styður við atvinnulífið í Snæfellsbæ og nágreni.

Við teljum að Ævintýranámskeiðið geti orðið frábært framlag til samfélagsins í Snæfellsbæ með því að efla bæði börn og unglings, styðja við ferðaþjónustu og skapa jákvæða upplifun fyrir alla þátttakendur. Við biðjum ykkur því að styðja við verkefnið með því að samþykkja samstarf við vinnuskólann og aðra mögulega stuðningsþætti.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir að taka erindið til skoðunar og erum tilbúin til að ræða nánar um framkvæmdina hvenær sem er.

Með kærri kveðju,

Halldóra Kristín Unnarsdóttir
Tómstunda- og félagsmálafræðingur
Félagsmiðstöðin Afdrep
afdrep@snb.is
6620170

TÓS301F Sterkir hópar: Samkennd, samvinna og liðsheild
Verkefni 4: Samfélagsleg nýsköpun, skýrsla og kynning

Ævintýranámskeið

Fyrir 10. – 12. ára börn í Snæfellsbæ

Kennara:

Halldóra Vanda Sigurgeirs dóttir
Steingerður Kristjánsdóttir

Nemandi:

Halldóra Kristín Unnarsdóttir hku3@hi.is

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----|
| Inngangur..... | 4 |
| Fræðin | 5 |
| Markmið og tilgangur | 7 |
| Lýsing námskeiðs | 8 |
| Dagskráliðir..... | 8 |
| Tengslin dagskrá við færniþætti..... | 10 |
| Lokaorð og lærdómur | 11 |
| Ályktanir og framtíðarsýn..... | 12 |
| Heimildaskrá..... | 13 |
| Viðhengi..... | 14 |

Inngangur

Ævintýranámskeiðið er hugmynd sem byggir á þeirri sýn að börn læri best með því að taka virkan þátt í fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum sem styrkja þau bæði tilfinningalega, félagslega og líkamlega. Slík námskeið skapa einstakt tækifæri til að sameina reynslunám, útinám og ævintýri á sama tíma og börnin þroskast sem einstaklingar. Með áherslu á sex lykilþætti – samvinnu, samskipti, samkennd, reynslu, liðsheild og útinám – er markmið námskeiðsins að bjóða börnum vettvang þar sem þau læra í gegnum upplifun, takast á við áskoranir og byggja upp hæfni sem nýtist þeim um ókomin ár.

Þörfin fyrir slíkt námskeið er augljós þegar litið er til fjölbreyttra rannsókna sem sýna fram á gildi reynslunáms og útináms í þroska barna. Samkvæmt Vygotsky (1978) er nám félagslegt ferli þar sem börn þroska hæfni sína í gegnum samskipti við aðra.

Ævintýranámskeið, sem leggja áherslu á samvinnu og samskipti, gefur börnum tækifæri til að skiptast á hugmyndum, leysa vandamál saman og þróa með sér bæði félagsfærni og sjálfsöryggi. Einnig benda Johnson og Johnson (2020) á að verkefni sem byggja á samvinnu styrkja tengsl barna og hæfni þeirra til að vinna að sameiginlegum markmiðum.

Reynslunám er einnig lykilþáttur í hugmyndafræði námskeiðsins, þar sem börn læra í gegnum beinar upplifanir og ígrundun á eigin reynslu. Þetta ferli stuðlar ekki aðeins að dýpri bekkingu heldur einnig að auknu sjálfstrausti og hæfni til að takast á við áskoranir (Ranken o.fl., 2023). Útinám eykur enn frekar áhrif námskeiðsins með því að nýta náttúruna sem vettvang náms og leikja. Slíkt nám hefur sýnt sig að draga úr streitu, efla líkamlega vellíðan og auka tengsl barna við umhverfið (Rickinson, 2004; Gustafsson, 2012).

Markmið ævintýranámskeiðsins er að skapa vettvang þar sem börn geta vaxið og dafnað í öruggu og styðjandi umhverfi. Með fjölbreyttum verkefnum eins og kajakferðum, göngum, útieldun og hvalaskoðun fá börnin tækifæri til að þroska hæfni sína á skapandi og skemmtilegan hátt. Námskeiðið mun ekki aðeins veita börnum eftirminnilegar upplifanir heldur einnig styrkja þau fyrir framtíðina með aukinni félagsfærni, sjálfstrausti og hæfni til að takast á við nýjar áskoranir. Með hliðsjón af þessum rökum ætti ævintýranámskeiðið að verða að veruleika. Það býður ekki aðeins upp á nýstárlega og heildræna nálgun á barnauppeldi og nám, heldur stuðlar það einnig að bættri vellíðan og lífsfærni barna. Þetta námskeið er fjárfesting í framtíð barna, sem mun skila sér í sterkari einstaklingum og heilbrigðara samfélagi.

Fræðin

Í þessu ævintýranámskeiði verður unnið með sex færniþætti sem eru samvinna, samskipti, samkennd, reynslu, liðsheild og útinám. Hvert verkefni sem hópurinn mun taka sér fyrir hendur mun þjálfa þau í þessum færniþáttum. Samvinna er grundvallarferli þar sem einstaklingar vinna saman að sameiginlegum markmiðum og hún skiptir miklu máli bæði í námsumhverfi og í daglegu lífi. Samvinna utan hefðbundins skólaumhverfis, svo sem í frítímastarfi, má einnig líta á sem tækifæri til að auka félagsfærni og sjálfsöryggi barna. Devaney og Moroney (2018) lýsa því hvernig börn, sem taka þátt í slíkri starfsemi, þróa hæfni til að deila hugmyndum og taka ábyrgð og í umhverfi sem einkennist af gagnkvæmri virðingu læra þau einnig að leysa ágreining á jákvæðan hátt og sýna samkennd. Þetta undirbýr þau fyrir áskoranir framtíðarinnar og stuðlar að því að þau læri að taka tillit til annarra.

Samkvæmt Vygotsky (1978) er nám félagslegt ferli þar sem einstaklingar læra í gegnum samskipti við aðra, sem gefur vísbindingar um að samvinna barna stuðli að dýpri þekkingu og sterktari félagslegum tengslum. Rannsóknir sýna að þegar börn vinna saman í verkefnum, svo sem hópaverkefnum, fá þau tækifæri til að skiptast á hugmyndum og leysa vandamál á margvíslegan hátt. Þessi tegund verkefna eflir bæði vitsmunalegan þroska þeirra og félagsfærni. Börn sem taka þátt í slíku ferli þróa með sér skilning á mikilvægi þess að treysta á aðra og finna lausnir í sameiningu, sem hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust og samskiptahæfni þeirra. Leikur og samskipti gegna einnig mikilvægu hlutverki í því að efla samskiptahæfni barna. Berk og Winsler (1995) leggja áherslu á að leikur sé áhrifaríkt tæki til að þjálfa samskiptafærni, þar sem börn læra að hlusta á aðra, deila hugmyndum og leysa ágreining á uppbryggilegan hátt. Slík félagsleg samskipti gera börnum kleift að öðlast sjálfstraust og samskiptahæfni, sem eru grundvallarþættir í að byggja upp sterkt félagsleg tengsl og öðlast traust á sjálfum sér. Johnson og Johnson (2020) benda einnig á að samvinna, þar sem börn vinna að sameiginlegum markmiðum, gefur þeim tækifæri til að læra að meta styrkleika hvert annars og axla ábyrgð á eigin framlagi. Þessi ferli stuðla að jákvæðum samskiptum og félagslegum tengingum og auka færni þeirra í að leysa ágreining á friðsælan hátt.

Samkennd er mikilvæg í félagslegum samskiptum og í ýmsum aðstæðum, svo sem í menntun og félagsþjónustu. Hún er talin grundvallarþáttur í því að byggja upp sterktari sambönd, efla samstöðu og stuðla að jákvæðum breytingum í samfélaginu. Þessi nálgun sýnir að samkennd er ekki aðeins tilfinningaleg eða hugræn upplifun heldur einnig hvatning til aðgerða sem hefur raunveruleg áhrif á líf annarra. Samkennd er skilgreind sem þríbætt ferli sem felur í sér tilfinningalega svörun, hugræna getu og hvatningu til aðgerða. Hún er meira en einföld tilfinning eða samúð; hún felur í sér bæði innri viðbrögð og ytri hegðun sem miðar að því að lina þjáningu annarra. Fyrsti þátturinn, tilfinningaleg svörun, lýsir sér í hæfileikanum til að skynja og upplifa tilfinningar annarra, oftast sem viðbragð við þjáningu þeirra. Þetta viðbragð vekur tilfinningar eins og sorg eða samúð og hvetur til tengsla við þann sem þjáist. Annar þátturinn, hugræn samkennd, byggist á getu einstaklings til að setja sig í spor annarra og skilja sjónarmið þeirra eða aðstæður. Þessi þáttur krefst innsæis og hæfileika

til að greina hvernig aðrir upplifa aðstæður sínar, jafnvel þótt maður hafi ekki sjálfur gengið í gegnum þær. Þriðji þátturinn, hvatning til aðgerða, er það sem greinir samkennd frá öðrum tengdum hugtökum eins og samúð. Þetta felur í sér löngun til að bregðast við með hjálplegum hætti, hvort sem það er að veita stuðning, bjóða lausnir eða einfaldlega vera til staðar fyrir viðkomandi (Mascaro o.fl., 2020, Gilbert, 2020, Goetz o.fl., 2020).

Reynslunám er áhrifarík námsaðferð sem byggir á því að nemendur læri með því að taka virkan þátt í verkefnum, upplifa raunverulegar aðstæður og ígrunda eigin reynslu.

Aðferðin tengir saman fræðilega þekkingu og hagnýta færni, sem gerir námið bæði dýpra og merkingarbærara. Í stað þess að treysta eingöngu á bóknám eða fyrirlestra taka nemendur virkan þátt í ferli sem felur í sér þrjá lykilþætti: beina reynslu, ígrundun og beitingu þekkingar í raunverulegum aðstæðum. Reynslunám hefur því margvíslegan ávinning. Það bætir námsárangur, þroskar félagsfærni, eflir tilfinningagreind og skapar sterkari tengsl við raunveruleikann. Á sama tíma eykur það hæfni nemenda til að skilja og takast á við flóknar áskoranir, sérstaklega þegar kemur að sjálfbærni. Með því að leggja áherslu á reynslu, ígrundun og hagnýtingu styrkir reynslunám bæði þekkingu og hæfni nemenda og gerir þá betur í stakk búna til að takast á við áskoranir lífsins (Ranken o.fl. 2023, Brundiers, 2020).

Liðsheild er grundvallarþáttur í árangri teymis, þar sem hún tengir saman meðlimi hópsins og styður við framúrskarandi frammistöðu. Liðsheild er sú samstaða sem myndast þegar meðlimir vinna saman í átt að sameiginlegum markmiðum, með áherslu á traust, virðingu og samvinnu. Hún eflir ábyrgðartilfinningu hvers meðlims gagnvart markmiðum hópsins, bætir samhæfingu og eykur árangur í áskorunum. Liðsheild hjálpar einnig teyminu að leysa ágreining og takast á við hindranir með sameiginlegu markmiði (Liu, 2024). Námskeiðið býður upp á einstakt tækifæri til að nýta útinám til náms og þroska. Útinám er kennsluaðferð sem byggir á reynslunámi og náttúrutengingu, þar sem nemendur læra með því að upplifa og taka virkan þátt í verkefnum utan hefðbundins skólastofuumhverfis. Slík námskeið leggja áherslu á félagsfærni, þar sem börn vinna saman að verkefnum eins og hópefli, þrautalausnum og leikjum, sem stuðlar að bættri samskiptahæfni og sjálfstrausti. Áskoranir eins og klifur, ratleikir og bygging skjóls efla sjálfstæði og getu barna til að takast á við nýjar aðstæður. Auk þess dregur útinám úr streitu og eykur vellíðan með tengingu við náttúruna, sem stuðlar einnig að umhverfisvitund og ábyrgð (Rickinson, 2004, Gustafsson, 2012). Slík námskeið eru sérstaklega gagnleg fyrir börn á þessum aldri, þar sem þau eru í miðju mikilvægu þroskaskeiði bæði félagslega og tilfinningalega. Með því að sameina ævintýri, sköpun og hreyfingu í náttúrulegu umhverfi skapa ævintýranámskeið reynslu sem styður við sjálfstraust, sköpunargáfu og þekkingu barna á fjölbættan hátt. Þetta gerir útinám að öflugu tæki til að efla bæði persónulegan þroska og nám.

Markmið og tilgangur

Markmið námskeiðsins er að efla samvinnuhæfni barna með því að kenna þeim að vinna saman að sameiginlegum markmiðum, deila hugmyndum og byggja upp hópefli. Í verkefnum eins og útilegu, kajakferðum og útieldun fá börn tækifæri til að takast á við áskoranir sem krefjast samstarfs og samhæfingar. Jafnframt er lögð áhersla á að þjálfa samskiptahæfni barna, þar sem þau læra að hlusta, tjá sig skýrt og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Þetta er sérstaklega þjálfað í verkefnum þar sem þau deila ábyrgð og leysa ágreining á uppbyggilegan hátt. Auk þess stuðlar námskeiðið að því að þróa samkennd hjá börnum, þar sem þau læra að sýna öðrum skilning og umhyggju í gegnum verkefni sem krefjast hópsamstöðu og virðingar, eins og dýramiðuð verkefni og náttúruverndarverkefni.

Námskeiðinu er einnig ætlað að auka sjálfstraust og þrautseigju barna með því að veita þeim tækifæri til að takast á við verkefni sem krefjast lausnamiðaðrar hugsunar og staðfestu, svo sem að sigla á kajak, byggja skjól eða elda mat í náttúrunni. Í þessum verkefnum læra börn að meta eigin getu og upplifa hvernig þau geta yfirstigið áskoranir. Mikil áhersla er lögð á að tengja börnin við náttúruna og veita þeim innsýn í mikilvægi náttúruverndar og sjálfbærni. Með ferðum í þjóðgarðinn, hvalaskoðun og fjölbreyttri útvist fá börn tækifæri til að njóta náttúrunnar og fræðast á skapandi hátt um vistkerfi og umhverfisfræði.

Tilgangurinn með námskeiðinu er að bæta lífsgæði og vellíðan barna á fjölpættan hátt, bæði á meðan á námskeiðinu stendur og í framtíðinni. Námskeiðið leggur grunn að sterkari félagslegum og tilfinningalegum tengslum, auk þess sem það þjálfar hæfni sem nýtist í lífi og námi. Með því að skapa gæðatíma í náttúrulegu umhverfi fá börn tækifæri til að losna frá daglegum áreiti og njóta heilbrigðrar og uppbyggilegrar útiveru. Námskeiðið styrkir félagsleg tengsl þar sem börn eignast nýja vini, kynnast jafningjum með ólikan bakgrunn og læra að byggja upp traust og virðingu í samskiptum. Auk þess leggur námskeiðið áherslu á að efla sjálfstyrkingu og framtíðarhæfni barna með því að kenna þeim að takast á við flóknar aðstæður, axla ábyrgð og vinna að sameiginlegum markmiðum.

Ævintýranámskeiðið er því vettvangur sem sameinar leik, nám og sköpun með áherslu á að skapa ógleymanlegar minningar. Börnin öðlast hæfni til að takast á við áskoranir framtíðarinnar, styrkja sjálfstraust sitt og byggja upp dýpri skilning á mikilvægi samvinnu og virðingar fyrir umhverfinu. Þetta námskeið er því dýrmætur vettvangur sem stuðlar að heilsteypum þroska barna og styður þau í að vaxa og dafna sem virkir þátttakendur í samfélagi sínu og umhverfi.

Lýsing námskeiðs

Ertu að leita að ævintýralegum sumardögum fyrir barnið þitt? Félagsmiðstöðin Afdrep stendur fyrir skemmtilegu og spennandi ævintýranámskeiði fyrir 10 til 12 ára börn. Námskeiðið fer fram tvívar í viku, frá kl. 9:00 til 13:00, og er sérstaklega hannað til að skapa ógleymanlegar minningar í fallegu umhverfi Snæfellsbæjar.

Dagurinn hefst alltaf í félagsmiðstöðinni Afdrepí þar sem farið er yfir dagskrána og undirbúnингur fer fram. Við leggjum áherslu á fjölbreyttar útivistar- og ævintýraupplifanir en einnig erum við alltaf tilbúin með plan B ef veðurguðirnir eru ekki í sínu besta skapi. Markmið okkar er að nýta hvern dag sem best, hvort sem það er úti í náttúrunni eða inni í félagsmiðstöðinni með skapandi og skemmtileg verkefni.

Hvað þarf að hafa með?

Börnin þurfa að taka með sér nesti fyrir daginn, nema annað sé tekið fram í dagskránni. Við mælum einnig með að þau séu klædd í þægileg og veðurhæf föt þar sem útivera er stór hluti námskeiðsins.

Félagsmiðstöðin Afdrep býður upp á öruggt og skemmtilegt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þroa félagsfærni, njóta náttúrunnar og takast á við nýjar áskoranir. Skráning er hafin, svo ekki missa af þessu frábæra tækifæri fyrir barnið þitt!

Athugið: Við höfum takmarkaðan fjölda plássa, svo við mælum með að skrá sem fyrst. Ef þú hefur spurningar eða vilt fá nánari upplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við starfsfólk Afdreps.

Við hlökkum til að sjá barnið þitt í ævintýri sumarsins!

Dagskráliðir

Kajakferð í Grundarfirði

- Lýsing: Börnin læra grunnatriði í kajaksiglingu með þjálfuðum leiðbeinendum. Sigt verður í rólegu sjávarsþæði við Grundarfjörð þar sem áhersla verður lögð á öryggi og skemmtun. Börnin fá einnig fræðslu um lífríki sjávarins. - Markmið: Auka samhæfingu, styrkja sjálfstraust og fræðast um náttúruna.

Hvalaskoðun

- Lýsing: Hvalaskoðunarferð frá Ólafsvík þar sem börnin fá að fylgjast með hvalategundum og sjófuglum. Fararstjóri fræðir um hvali og vistkerfi sjávarins. - Markmið: Kveikja áhuga á líffræði og náttúruvernd.

Útilega

- Lýsing: Sólarhrings útilega þar sem börnin læra að setja upp tjöld, kveikja eld, elda einfaldan útimat og njóta kvölds við varðeld. Ýmis hópefli og ævintýri verða í boði. - Markmið: Efla sjálfstæði, samstarfshæfni og njóta samvista í náttúrunni.

Vatnshellirinn

- Lýsing: Skoðunarferð í Vatnshellinn með leiðsögn þar sem börnin læra um myndun hraunhella, jarðfræði svæðisins og sögur tengdar hellinum. - Markmið: Auka fræðslu um jarðfræði og örva ímyndunarafl.

Ganga um þjóðgarðinn með landverði

- Lýsing: Gengið verður um Snæfellsjökulsþjóðgarð undir leiðsögn landvarðar sem segir frá gróðri, dýralífi og sögu svæðisins. Lögd verður áhersla á virðingu fyrir náttúrunni.
- Markmið: Auka tengsl barna við náttúruna og vekja með þeim áhuga á útvist.

Hestaferð

- Lýsing: Börnin fá tækifæri til að fara í reiðtúr undir leiðsögn reyndra hestamanna. Reiðtúrinn verður í fallegu umhverfi þar sem þau kynnast íslenskum hestum og þeirra eðli.
- Markmið: Efla sjálfstraust og samhæfingu ásamt því að njóta hreyfingar í náttúrunni.

Ganga og útielundun

- Lýsing: Stutt ganga í næsta nágrenni þar sem börnin læra að útbúa einfaldan og hollan mat yfir opnum eldi. Verkefni tengd náttúruskoðun verða einnig í boði.
- Markmið: Kenna grunnatriði í útielundun og tengja börnin nánar við umhverfið.

Hjólaferð

- Lýsing: Börnin fara í skipulagða hjólaferð á öruggt svæði, þar sem þau læra mikilvægi hjólvaviðhalds og öryggis á hjóli. Stoppað verður á áhugaverðum stöðum til að njóta umhverfisins.
- Markmið: Auka hreyfipol og kenna börnum ábyrga hjólahegðun.

Veiðiferð

- Lýsing: Börnin fá tækifæri til að prufa veiði í vötnum eða á sjó undir handleiðslu reyndra leiðbeinenda. Farið verður yfir grunnatriði í veiði og umgengni við náttúruna.
- Markmið: Veita börnum tækifæri til að læra veiðiaðferðir og bera virðingu fyrir náttúrunni.

Tími og skipulag

- Tímabil: Júní til júlí.
- Tími: Ferðir tvívar í viku (dagsferðir eða lengri).
- Skráning: Við skráningu verða börnin beðin um að tilgreina áherslur sínar og áhuga til að laga dagskrá að þeirra þörfum.

Með þessari dagskrá er stefnt að því að bjóða börnum upp á einstaka sumartíma sem mun efla þeirra líkamlegu, andlegu og félagslegu færni á fjölbreyttan hátt.

Tengslin dagskrá við færniþætti

Ævintýranámskeið tengt sex færniþáttum: Samvinnu, samskiptum, samkennd, reynslu, liðsheild og útinámi. Hér er hægt að sjá hvernig námskeiðið stuðlar að þessum færniþáttum í heild sinni.

Samvinna

- Kajakferð í Grundarfirði: Börnin vinna í pörum til að stjórna kajökum. Þau læra að treysta hvert á annað, samræma hreyfingar og leysa áskoranir saman.
- Útilega: Uppsetning tjalda, undirbúningur matar og önnur verkefni eru byggð á því að börnin vinni saman í litlum hópum. Þetta eflir hæfni þeirra til að vinna með öðrum að sameiginlegu markmiði.
- Veiðiferð: Börnin skiptast á verkefnum og aðstoða hvort annað við veiði, sem eflir þolinmæði og samvinnuhæfni.

Samskipti

- Hvalaskoðun: Börnin læra að hlusta á leiðbeinendur og spyrja spurninga um lífríki sjávar. Þau fá tækifæri til að deila reynslunni og tjá sig um það sem þau sjá og upplifa.
- Hjólaferð: Börnin æfa að ræða saman um áætlanir, leiðarval og hópöryggi. Þau læra að miðla upplýsingum og taka tillit til skoðana annarra.
- Ganga og útioldun: Í gegnum náttúruskoðun og matargerð þurfa börnin að deila verkum og eiga samskipti um útfærslur og úrbætur.

Samkennd

- Hestaferð: Börnin læra að sýna dýrunum virðingu og umhyggju, sem vekur samkennd bæði gagnvart dýrum og öðrum þáttakendum.
- Ganga um þjóðgarðinn með landverði: Með því að fræðast um náttúruna og hvernig við verndum hana fá börnin innsýn í mikilvægi samábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Reynsla

- Vatnshellirinn: Börnin upplifa jarðfræðilega sérstöðu svæðisins og þróa nýja sýn á náttúruna með því að fara út fyrir þægindarammann.
- Veiðiferð: Börnin öðlast nýja reynslu af að læra og nota veiðitækni og umgengni við náttúru.
- Útilega: Næturivist í náttúrunni kennir börnunum að takast á við ólíkar aðstæður og eykur færni þeirra í að bregðast við áskorunum.

Liðsheild

- Kayakferð í Grundarfirði: Hópurinn er hvattur til að styðja hvern annan og halda hópinn meðan á ævintýrinu stendur.
- Útilega: Sameiginleg verkefni eins og að setja upp tjöld, útbúa mat og leysa vandamál skapa sterka liðsheild.
- Hjólaferð: Börnin hvetja hvert annað áfram, deila ábyrgð á leiðinni og þróa hópanda.

Útinám

- Ganga og útielundun: Börnin læra að elda í náttúrunni og njóta þess að vinna með hráefni sem tengjast útvist. Náttúruskoðun eykur þekkingu þeirra á umhverfinu.
- Ganga um þjóðgarðinn með landverði: Fræðsla um náttúruna er sampætt hreyfingu og upplifun, sem stuðlar að betri skilningi á lífríki og náttúruvernd.

Lokaorð og lærdómur

Ævintýranámskeiðið, sem hér hefur verið kynnt, býður upp á einstaka nálgun á þroska barna með því að sameina reynslunám, útvist og félagslega þjálfun í einn heilsteypnan vettvang. Með áherslu á sex lykilfærniþætti – samvinnu, samskipti, samkennd, reynslu, liðsheild og útinám – leggur námskeiðið grunn að mikilvægum hæfnipáttum sem nýtast börnum bæði í nútið og framtíð. Þessi þáttur er ekki aðeins mikilvægur fyrir þroska einstaklinga heldur

einnig fyrir samfélagslega ábyrgð, þar sem börn læra að starfa saman, bera virðingu fyrir öðrum og taka þátt í sjálfbærri náttúruvernd.

Lærdómurinn af þessu verkefni er margþættur. Í fyrsta lagi sýnir það fram á mikilvægi þess að skapa námsumhverfi sem hvetur börn til að læra með því að framkvæma, ígrunda og tengja þekkingu við raunverulegar aðstæður. Verkefnið dregur einnig fram hversu mikilvægt það er að vinna í fjölbreyttum hópum, þar sem börn öðlast skilning á styrkleikum annarra, læra að axla ábyrgð og takast á við áskoranir í samvinnu. Þetta er í samræmi við fræðilega kenningu Vygotskys (1978), sem undirstrikkar að félagslegt nám stuðli að dýpri skilningi og sterkari tengslum. Í öðru lagi undirstrikkar verkefnið hve öflug áhrif útinám og tenging við náttúruna geta haft á líkamlegan og andlegan þroska barna. Útinám eykur sköpunargleði, sjálfsöryggi og vellíðan barna, auk þess að veita þeim dýrmætan skilning á náttúruvernd og sjálfbærni. Með því að nýta náttúruna sem vettvang náms og leiks skapar námskeiðið ómetanlega reynslu sem bætir lífsgæði þátttakenda á fjölpættan hátt. Í þriðja lagi sýnir verkefnið fram á að ævintýranámskeið af þessu tagi er kjörið til að takast á við fjölbreyttar áskoranir í nútímasamfélagi, þar sem börn þurfa að þjálfa bæði hugræna og félagslega hæfni til að verða virkir og ábyrgir þátttakendur í samfélagi sínu. Með áherslu á samkennd og samskipti styrkir námskeiðið grunngildi sem stuðla að jákvæðum breytingum, bæði hjá einstaklingum og í samfélagini í heild.

Ályktanir og framtíðarsýn

Verkefnið sýnir fram á mikilvægi þess að efla samvinnu milli barna og skapa vettvang þar sem þau fá að njóta náttúrunnar og takast á við skapandi áskoranir. Slík námskeið eru ekki aðeins vettvangur fyrir skemmtun og útvist heldur einnig öflug leið til að undirbúa börn fyrir áskoranir framtíðarinnar. Ævintýranámskeiðið leggur grunn að samfélagslega ábyrgum, sjálfsöruggum og skapandi einstaklingum sem hafa innsæi og þekkingu til að takast á við fjölbreyttar aðstæður. Með því að fjárfesta í slíkum verkefnum sköpum við ekki aðeins jákvæða reynslu fyrir börn heldur einnig öflugri framtíð þar sem einstaklingar eru betur í stakk búinir til að axla ábyrgð og leiða samfélög til jákvæðra breytinga. Ævintýranámskeiðið ætti því að verða að veruleika sem bæði styður börn í þroska þeirra og eflir samfélagið í heild sinni.

Heimildaskrá.

Decety, J. og Sommerville, J. A. (2003). Shared representations between self and other: A social cognitive neuroscience view. *Trends in Cognitive Sciences*, 7(12), 527–533. <https://doi.org/10.1016/j.tics.2003.10.004>

Mascaro, J. S., Florian, M. P., Ash, M. J., Palmer, P. K., Frazier, T., Condon, P. og Raison, C. (2020). Ways of Knowing Compassion: How Do We Come to Know, Understand, and Measure Compassion When We See It? *Frontiers in Psychology*, 11, 547241-. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2020.547241>

Sinclair, S., Beamer, K., Hack, T. F. og Sellick, S. (2020). Ways of Knowing Compassion: How Do We Come to Know, Understand, and Measure Compassion? *Frontiers in Psychology*. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2020.547241>

Goetz, J. L., Keltner, D. og Simon-Thomas, E. (2020). Creating a Compassionate World: Addressing the Conflicts Between Dispositional Compassion and Compassion Through Social Relational Contexts. *Frontiers in Psychology*. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2020.582090>

Gilbert, P. (2020). Compassion: From its Evolution to a Psychotherapy. *Frontiers in Psychology*. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2020.567632>

Brundiers, K. og Wiek, A. (2020). Experiential Learning in Sustainability: Opportunities, Building Competencies, and Challenges. Í W. Leal Filho, U. Tortato, og F. Frankenberger (ritstj.), *Integrating Sustainability Thinking in Science and Engineering Curricula* (bls. 91–106). Springer.

Ranken, E., Manyukhina, Y., Wyse, D. og Bradbury, A. (2023). *Experiential Learning for Children Aged 4–14: A Rapid Evidence Assessment*. Helen Hamlyn Centre for Pedagogy (0–11 years), UCL Institute of Education: London, UK.

Liu, J. (2024). Interplay of mindful leadership, team cohesion, and performance: A moderated mediation analysis in sports teams. *Current Psychology*, 43*, 30949–30962.

Gustafsson, P. E., Szczepanski, A., Nelson, N. og Gustafsson, P. A. (2012). Effects of an outdoor education intervention on the mental health of school children. *Journal of Adventure Education and Outdoor Learning*, 12 (1), 63–79.

Rickinson, M., Dillon, J., Teamey, K., Morris, M., Choi, M. Y., Sanders, D. og Benefield, P. (2004). A review of research on outdoor learning. *National Foundation for Educational Research*.


Viðhengi

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN AFDREP

AEVINTÝRA

— NÁMSKEIÐ —

★ FYRI 10 -12. ÁRA ★



10. JÚNÍ - 3. JÚLÍ
2025

Skráning inn á snb.is
Þáttökugjald: 15.000 kr. á hvert barn

ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ FYRIR 10-12 ÁRA Í SNÆFELLSBÆ

Ertu að leita að œvintýrategum sumardögum fyrir barnið þitt? Félagsmiðstöðin Afdrep stendur fyrir skemmtilegu og spennandi œvintýranámskeiði fyrir 10 til 12 ára börn. Námskeiðið fer fram tvívar í viku, frá kl. 9:00 til 13:00, og er sérstaklega hannað til að skapa ógleymanlegar minningar í fallegu umhverfi Snæfellsbæjar.

Dagurinn hefst alltaf í félagsmiðstöðinni Afdrepí þar sem farið er yfir dagskrána og undirbúningur fer fram. Við leggjum áherslu á fjölbreyttar útvistar- og œvintýraupplifanir, en einnig erum við alltaf tilbúin með plan B ef veðurguðirnir eru ekki í sínu besta skapí. Markmið okkar er að nýta hvern dag sem best, hvort sem það er úti í náttúrunni eða inni í félagsmiðstöðinni með skapandi og skemmtileg verkefni.

Hvað þarf að hafa með?

Börnin þurfa að taka með sér nesti fyrir daginn, nema annað sé tekið fram í dagskránni. Við mælum einnig með að þau séu klaedd í þægileg og veðurhæf fót þar sem útivera er stór hluti námskeiðsins.

Félagsmiðstöðin Afdrep býður upp á öruggt og skemmtilegt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þráð félagsfærni, njóta náttúrunnar og takast á við nýjar áskoranir. Skráning er hafin, svo ekki missa af þessu frábæra tækifæri fyrir barnið þitt!

Athugið: Við höfum takmarkaðan fjölda plássa, svo við mælum með að skrá sem fyrst. Ef þú hefur spurningar eða vilt fá nánari upplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við starfsfólk Afdreps.

Við hlökkum til að sjá barnið þitt í œvintýri sumarsins!

HVAÐ ER ÆVINTÝRA NÁMSKEIÐ?

ÆVINTÝRA NÁMSKEIÐ

Tilgangur námskeiðsins er að veita börnum gæðatíma yfir sumarmánuðina þar sem þau njóta útivistar, kynnast nýjum vinum og öðlast nýja hæfni. Hjápa þáttakendu að skapa jákvæðar minningar í gegnum einstakar ferðir og upplifanir. Okkar helstu áherslur verða að fræða og hafa gaman á sama tíma, með áherslu á náttúru, útivist og virkri þátttöku.

MARKMIÐ

Markmið námskeiðsins er að stuðla að sjálfstyrkingu og félagsfærni barna með því að skapa vettvang þar sem þau læra að takast á við áskoranir, vinna saman og taka ábyrgð. Auka tengingu barna við náttúruna og veita þeim tækifæri til að upplifa óspillta fugurð Snaefellsness í gegnum fjölbreyttar útivistarferðir. Þáttakendur geta þróað hreyfifærni og sjálfstraust sitt með þátttöku í fjölbreyttum og skemmtilegum ævintýrum. Stjórnendur hvetja til virðingar fyrir umhverfinu og sögu svæðisins með leiðsögn og fræðslu um náttúruvernd og menningu.

Dagskrá námskeiðisins


10.júní



Ganga og útielun



12.júní



Vatnshellirinn




16.júní



Hjólaferð



19.júní



Kayjak sigling



24.júní



Veðiferð




26.júní




Ganga með Landverði


1.júlí



Hvalaskoðun



3. júlí



Útilega





Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Dagsetning 22. janúar 2025
Málsnúmer MAR25010171

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíarinu 2024/2025

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðíárið 2024/2025 og almanaksárið 2025, hefur atvinnumálaráðherra allt að 3.807 þorskgildistönn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíarinu 2024/2025.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 818/2024 hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthluðum byggðakvóta.

Í töflunni hér að neðan má sjá úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á fiskveiðíarinu 2024/2025 og eftirstöðvar af úthlutun fyrra árs sem kemur til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðíári:

| Sveitarfélag | Byggðarlag | Úthlutun 2024/2025 (t) | Eftirstöðvar af úthlutun 2023/2024 (t) | Samtals til ráðstöfunar 2024/2025 (t) |
|--------------|--------------|------------------------|--|---------------------------------------|
| Snæfellsbær | Arnarstapi | 0 | 1.479 | 1.479 |
| | Hellissandur | 0 | 0.000 | 0.000 |
| | Ólafsvík | 0 | 0.000 | 0.000 |
| | Rif | 0 | 0.134 | 0.134 |

Þess er óskað að sveitarstjórnir sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt þannig að ráðuneytið geti beina því til Fiskistofu að auglysa byggðakvóta til umsóknar í byggðarlagi/byggðarlögum innan viðkomandi sveitarfélags án tafar.

Í þeim tilvikum þar sem þess er óskað að leggja fram tillögur að sérreglum er sveitarstjórn gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur til 21. febrúar n.k. Tillögur sveitarstjórnna um sérstök skilyrði sem berast verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælst er með að notað verði vegna tillögu um sérreglur og vegna rökstuðning fylgir sem viðhengi.

F.h. ráðherra

Íslungur Eir Hólmgarsdóttir
Áslaug Eir Hólmgarsdóttir

Jón Þrándur Stefánsson

Leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórnar um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2024/2025

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2024/2025 eru í reglugerð nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2024/2025 (<https://www.stjornartidindi.is/Advertis.aspx?RecordID=99d26334-cda0-425b-be07-dd5dc1d43dfc>). Í framangreindri reglugerð eru tilgreind almenn skilyrði fyrir úthlutun aflamark er að finna

Ráðherra getur **heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar** að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau **byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga**.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um **skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga** og getur ráðherra **heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar** að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau **byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum**.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórnar sem víkja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsméðferð á tillögum sveitarstjórnar er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um **fjögurra víkna frest fyrir sveitarstjórnar** til að skila tillögum og ákvæði um **kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórnar** á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna byggðakvóta í byggðarlaginu eftirfarandi:

Málsméðferð sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna byggðakvóta. Sveitarstjórn fjarlar um tillögurnar á fundi og bókað er um afgreiðslu málssins í fundargerð. Erindi með tillögum með áritun sveitarstjórnar ásamt afriti af fundargerð er sent rafrænt til matvælaráðuneytis á tölvupóstfangið mar@mar.is.

Málsméðferð ráðuneytis

1. Ráðuneytið tilkynnir viðeigandi sveitarstjórn um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíárinu 2024/2025.
2. Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu ásamt tillögu að sérreglum.
3. Ráðuneytið mótteker erindið og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
4. Kynning á tillögum sveitarstjórnar. Ráðuneytið birtir tillögu sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga og óskar eftir athugasemnum varðandi tillögu viðkomandi sveitarstjórnar.
5. Ráðuneytið mótteker athugasemdir vegna tillögu sveitarstjórnar fyrir viðkomandi byggðarlag og undirbýr kynningu á athugasemnum.
6. Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur tillagna sveitarstjórnar sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarstjórnar vegna viðkomandi byggðarlags m.t.t. afgreiðslu hennar. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slikt og gefinn kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
7. Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnaogra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Ráðuneytið kannar hvort aðstæður hafi breyst í viðkomandi byggðarlagi sem gefi tilefni til að fallast á eða hafna tilteknunum atriðum í tillögum sveitarstjórnar. Bent skal á að þótt tilteknar tillögrar að sérreglum hafi verið staðfestar á fyrri fiskveiðíárum er það ekki visbending um að sambærilegar tillögur að sérreglum muni verða samþykktar fyrir viðkomandi byggðarlag fyrir fiskveiðíárið 2024/2025 þar sem ráðuneytinu ber að taka afstöðu til hverrar tillögu fyrir sig með hliðsjón af málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga í hverju tilviki fyrir sig.
8. Ráðuneytið skrifar fundargerð um afgreiðslu erindis.
 - a. Ráðuneytið staðfestir að fullu tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
 - b. Ráðuneytið staðfestir að hluta tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
 - c. Ráðuneytið hafnar tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu ásamt rökstuðningi á afgreiðslu. Ef ástæða er til þá er sveitarstjórnar gefin kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
9. Auglýsing sérreglna fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög er send Stjórnartíðindum til birtingar. Ráðuneytið getur gert leiðréttингar og formbreyingar á tillögum sveitarstjórnar ef þörf er á ef það er nauðsynlegt m.t.t. málvars eða samhengis. Ráðuneytið mun hins vegar ekki leggja til efnisbreyingar á tillögum sveitarstjórnar heldur verða sliðar tillögur að berast ráðuneytinu frá viðkomandi sveitarstjórnum.
10. Ráðuneytið sendir Fiskistofu fyrir mæli um að auglýsa byggðakvóta til fiskiskipa til umsóknar fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög eftir að sérreglur hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

Afgreiðsla Fiskistofu

Fiskistofa auglýsir byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef við á.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnar hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áfoma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna peirra. Athugið að ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórnar feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávik eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr. reglugerðar nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2024/2025.

Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2024/2025

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælst til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

| | |
|---|---|
| Sveitarfélag: | Hér skal rita nafn sveitarfélags. |
| Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög: | Hér skal tilgreina hvaða byggðarlag tillaga sveitarfélags varðar. Ef um er að ræða tillögu sem varðar fleiri en eitt byggðarlag innan sama sveitarfélags skal tilgreina hvaða byggðarlög er um að ræða. |
| Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu: | Hér skal rita dagsetningu á samþykkt sveitarstjórnar á tillögu að sérreglum sem send er ráðuneytinu. Jafnframt skal senda afrit af fundargerð sveitarstjórnar þar sem ákvörðun vegna tillagna að sérreglum er samþykkt til ráðuneytisins. |
| Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.) | |
| Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.) | Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja. |
| Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.) | Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillöggunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga. Vakin er athygli á að nauðsynlegt er að fram fari áhrifamat á tillöggunni. Í áhrifamatinu felst að meta þarf hvaða áhrif breyting frá almennum reglum sem tillagan getur falið í sér hafi á einstaka aðila sem gætu átt rétt á úthlutun í byggðarlaginu. |
| Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.) | |
| Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.) | Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja. |
| Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.) | Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillöggunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga. Vakin er athygli á að nauðsynlegt er að fram fari áhrifamat á tillöggunni. Í áhrifamatinu felst að meta þarf hvaða áhrif breyting frá almennum reglum sem tillagan getur falið í sér hafi á einstaka aðila sem gætu átt rétt á úthlutun í byggðarlaginu. |
| Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.) | |
| Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.) | Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja. |
| Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.) | Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillöggunni. |

Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið mar@mar.is.

Samþykktir

**fyrir byggðasamlag um rekstur
Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga**

1. gr.

Sveitarstjórnir Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbærar, Snæfellsbærar og Sveitarfélagsins Stykkishólms hafa ákveðið með vísan til IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/1911 að stofna byggðasamlag um rekstur félags- og skólaþjónustu í sveitarfélögnum.

2. gr.

Samlagið heitir Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs. Er í samþykktum þessum jafnframt vísað til þess með skammstöfuninni "FSS". Heimili þess og varnarþing er á Hellissandi, Snæfellsbæ.

3.gr.

Tilgangur og hlutverk FSS er að sinna þeim verkefnum sem skylt er skv. neðangreindum lögum ásamt síðari breytingum sem á þeim kunna að verða og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa:

1. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
2. Barnaverndarlögum nr. 80/2002
3. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008.
4. Lögum um leikskóla nr. 90/2008
5. Lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

Heimilt er að fela öðru byggðarsamlagi eða sveitarfélagi framkvæmd verkefna FSS á sviði barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2008 að einhverju eða öllu leyti á grundvelli 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 92., 93. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að fenginni staðfestingu ráðuneytis á þeim samningi.

Færast umrædd verkefni yfir til viðkomandi samstarfsaðila á þeim tíma sem sá aðili tekur við verkefnunum. Verði samstarfssamningi slitið þá færast umrædd verkefni aftur til FSS á þeim tíma þegar því samstarfi líkur.

Skal hlutverk FSS og samstarf þessi við þann aðila sem hefur verið falin verkefni á sviði barnaverndarþjónustu samkvæmt framansögðu á ákveðin í samstarfssamningi viðkomandi sveitarfélaga við þann aðila.

4. gr.

Aðalfund skal halda einu sinni á ári, eigi síðar en í júnímánuði. Fer hann með æðsta vald í málefnum byggðasamlagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaganna. Aðalfund skal stjórn byggðasamlagsins boða með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá fundarins og ársreikningur skal fylgja fundarboði eða berast sveitarstjórnum eigi síðar en viku fyrir boðaðan fund. Aðalfundur er lögmætur sé hann löglega boðaður, bréf lega eða í rafrænun formi.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera eftirtaldir liðir.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Afgreiðsla reikninga
4. Kosning stjórnar
5. Kosning endurskoðanda
6. Önnur mál

Aukafundi skal halda ef einn stjórnarmaður eða þriðjungur þeirra sem rétt eiga til fundarsetu óskar þess og skulu þeir boðaðir með dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi og aukafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða fulltrúa aðildarsveitarfélaganna.

Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins skal tekin fyrir ef tillaga um breytingar hefur komið fram með löglegum fyrirvara fyrir aðalfund. Tillaga að breytingu á samþykktum skal fylgja fundarboði eða send rafrænt til framkvæmdastjóra allra aðildarsveitarfélaganna og verkefnastjóra í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfust samþykks 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlangs sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af 2/3 hlutum sveitarstjórnna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. 2/3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða 2/3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlangs, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlangs.

5. gr.

Í stjórn Byggðasamlagsins skulu sitja 3 fulltrúar; einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar, einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Snaefellsbæjar og einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Kjósa skal jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör aðalmanna.

Við atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða stjórnarmanna en að öðru leyti gilda um fundi og fundarsköp ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingun eftir því sem þau eiga við og fyrirmund ráðuneytisins að fundarsköpum sveitarstjórnna um stjórnarfundi. Sama gildir um réttindi og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann. Formaður stýrir fundum. Fundargerðir skal færa í sérstaka gerðarbók ellegar í rafrænt form.

Fundargerðir skal senda aðildarsveitarfélögum sem og birta á aðgengilegan hátt á heimasíðu byggðasamlagsins og eða heimasíðum sveitarfélaganna.

6. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- a. Að ráða forstöðumann og ákvarða ráðningarkjör hans og starfsskipalag; setja erindisbréf og veita prófkúrumboð.
- b. Að skera úr um ágreining sem upp kann að koma varðandi starfsemina og vísað er til stjórnar.
- c. Að hafa eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur samlagsins til skemmri og lengri tíma. Stjórnin skal gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og skal hún gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið sem stefnt er að á hverjum tíma.
- d. Að koma fram fyrir hönd samlagsins gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.
- e. Að semja tillögur til aðalfundur um verkefni næsta árs, rekstraráætlun og fjárhagsáætlun.

Stjórninni er heimilt innan marka fjárhagsáætlunar, að ganga til samstarfs og samninga við aðila um einstök verkefni sem byggðasamlaginu kunna að vera falin.

7. gr.

Ein, sameinuð félags-, barnaverndarnefnd- og skólaþjónustunefnd, heitir "Félagsmálanefnd Snæfellinga", skal starfa og sinna viðeigandi verkefnum á starfsvæðinu. Nefndin heyrir undir stjórn Byggðasamlagsins og fer í umboði hennar með með stjórn þeirra málaflokka sem undir hana heyra. Í nefndina skal kjósa fimm aðalfulltrúa; 2 frá Snæfellsbæ, 2 frá Stykkishólmsbæ og 1 frá Grundarfjarðarbæ. Jafnframt skal kjósa jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör varamanna.

8. gr.

Byggðasamlagið skal annst rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum aðildarsveitarfélaganna gagnvart íbúum þeirra og starfsmönnum stofnunarinnar.

9. gr.

Öllum sameiginlegum kostnaði FSS skal jafnar niður á aðildarsveitarfélögin í réttu hlutfall við íbúatölu þeirra eins og hún var 1. desember næstliðið ár. Sameiginlegur kostnaður er allur kostnaður vegna starfa stjórnar, félagsmálanefndar og reksturs stofnunarinnar.

Kostnaður vegna einstakra úrræða greiðist af viðkomandi sveitarfélagi að höfðu samráði við viðeigandi starfsmanni þess sveitarfélags.

10. gr.

Forstöðumaður gerir fjárhagsáætlun í samráði við stjórn og félagsmálanefnd. Senda skal áætlunina sveitarstjórnunum til umfjöllunar fyrir 1. desember ár hvert eða eftir nánari viðmiðum sveitarfélaganna sem og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga á hverjum tíma. Hafi ekki borist athugasemdir við frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir áramót skoðast það samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn. Berist breytingartillögur eða athugasemdir við fjárhagsáætlunina skal stjórn FSS fjalla um þær og afgreiðir fjárhagsáætlun endanlega fyrir janúarlok. Ákvarðanir allar stærri fjárfestingar skal þó taka á aðalfundi.

11. gr.

Gjöldum aðildarsveitarfélaganna skal skipt í 10 mándaðargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar frá og með febrúar til og með nóvember. Verði dráttur á greiðslum skal reikna dráttarvexti.

12. gr.

Reikningar FSS skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum sem stjórn FSS ræður til starfans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga með síðari breytingum.

13. gr.

Aðildarsveitarfélögini bera einfalda ábyrgð á fjárskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjör fer fram.

14. gr.

FSS er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu skv. samþykktum þessum enda greiði viðkomandi sveitarfélag fyrir þá þjónustu.

15. gr.

Um endurskoðun á samþykktum þessum, úrgöngu úr byggðasamlaginu eða verða starfsemi þess hætt gilda ákvæði 94. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Snæfellsnesi, 5. nóvember, 2024,

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

f.h. sveitarfélagsins Stykkishólms

f.h. Grundarfjarðarbæjar

f.h. Snæfellsbæjar

Kristinn Jónasson

From: Bjarni Ingimarsson <bjarnii@lsos.is>
Sent: mánudagur, 20. janúar 2025 14:41
To: Guðmundur Þór Jónsson
Subject: Verkfallsboðun LSS og ályktun félagsfundar
Attachments: Verkfallsboðun_SÍS.pdf; Ályktun_félagsfundar_LSS.pdf

Þú færð ekki oft tölvupóst frá bjarnii@lsos.is. Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt

Góðan dag

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vill vekja athygli á verkfallsboðun félagsins vegna þeirra stöðu sem komin er upp í kjaraviðræðum félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga.
Í viðhengi má finna verkfallsboðun LSS ásamt ályktun sem samþykkt var á félagsfundi LSS þann 16. janúar.

Kveðja

Bjarni Ingimarsson

Formaður




**LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG
SJÚKRAFLUTNINGAMANNA**
National Union of Fire Fighters and EMT-Paramedics

Norðurbrún 2, 104 Reykjavík,
Sími 562 2962 GSM 699 4159,
www.lsos.is

Skrifstofan er opin frá kl. 9-12 og 13-15.

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið trúnaðarmál.



Samband íslenskra sveitarfélaga
b.t. Heiða Björg Hilmisdóttir
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Reykjavík 20. janúar 2025

Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Daganna 17. janúar til 20. janúar 2025 var haldin atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem starfa hjá slökkviliðum sveitarfélaganna um boðun verfalls. Niðurstaðan varð sú að **451** samþykktu verfallsboðun af alls **513** greiddum atkvæðum. Þannig samþykktu **87,9%** félagsmanna verfallsboðun. Þátttakar var **44,1%** eða **513** af alls **1163** sem voru á kjörskrá.

Það tilkynnist hér með að verfallsaðgerðir mun hefjast kl. 08:00 mánudaginn 10. febrúar 2025.

Framkvæmd verfallsins verður þannig:

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 16:00, þann **10. febrúar 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 16:00, þann **10. febrúar 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Frá og með kl. 08:00 þann **10. febrúar og ótímabundið**, munu slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn á frívakt ekki sinna neyðarútköllum sem slökkviliðsstjóri/neyðarlínan sendir í boðtæki (öll boðtæki og snjalltæki)

Frá og með kl. 08:00 þann **10. febrúar og ótímabundið**, munu slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn ekki sinna vinnu umfram skipulagða vinnuskyldu (yfirlinna).

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **17. febrúar 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **17. febrúar 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **21. febrúar 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **21. febrúar 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **24. febrúar 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **24. febrúar 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **26. febrúar 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **26. febrúar 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.



Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **28. febrúar 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **28. febrúar 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **03. mars 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **03. mars 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **05. mars 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **05. mars 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **07. mars 2025**, mun sjúkraflutningum á lofti, láði og legi sem flokkast undir F4, ekki vera sinnt.

Á tímabilinu frá kl. 08:00 til 00:00, þann **07. mars 2025**, mun þeirri þjónustu og starfsemi sem flokkast undir F3 hjá slökkviliðum, ekki verða sinnt.

Frá og með kl. 08:00 þann **10. mars 2025** verður ótímabundið og ótakmarkað verkfall allra félagsmanna LSS sem eru í starfi hjá öllum sveitarfélögum sem Launaneftnd sveitarfélaga hefur umboð fyrir.

f.h.

Landssambands slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna

Bjarni Ingimarsson
Formaður

Afrit sent: Inga Rún Ólafsdóttir



Reykjavík 16. janúar 2024

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
Borgarstjóri og bæjarstjórar
Sveitastjórnarfólk

Ályktun félagsfundar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stöðu mála í kjaraviðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) gerir þá kröfu að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og kjörnir fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem afhent hafa SNS samningsumboð fyrir sína hönd axli ábyrgð á þeirri stöðu sem komin er upp í kjaraviðræðum.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna gerir þá kröfu að samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga fái skýrt umboð til að setjast af alvöru við samningaborðið svo ekki þurfi að koma til aðgerða af hálfu LSS.

Í ágúst 2023 undirritaði Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) undir framlengingu á gildandi kjarasamning við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS). Í bókun með samningnum var verkáætlun sem tryggja ætti að nýr samningur yrði tilbúinn til undirritunar þegar framlengdur kjarasamningur myndi renna út. Fyrsti fundur LSS og SNS samkvæmt verkáætlun var haldinn 10. október 2023 og voru haldnir 5 fundir fram til áramóta. Árið 2024 hafa verið haldnir nokkrir fundir með hléum en LSS hefur gefið mikinn sveigjanleika vegna samningaviðræðna SNS við heildarsamtök launafólks og svo aftur vegna samningaviðræðna SNS við Kennarasamband Íslands. Þrátt fyrir fjölda funda hafa þeir litlu skilað. LSS hefur lagt fram skýra kröfugerð, lagt fram talsvert magn af gögnum sem hefur tekið mikinn tíma að vinna og kostað félagið töluverða fjármuni, en lítið hefur komið af vinnu frá SNS. Þann 4. nóvember 2024 var kjaraviðræðum LSS og SNS vísað til Ríkissáttasemjara og var ástæðan skortur á markvissum fundum og vinnuframlagi frá SNS.

Núna 9 mánuðum eftir að síðasti samningur rann út er ekkert sem bendir til þess að nýr samningur verði undirritaður á næstunni.

Það er þungbær ákvörðun LSS að hefja undirbúnning verkfallsaðgerða en félagið sér sig knúið til að fara þessa leið vegna skorts frumkvæði SNS til að ganga frá kjarasamning við LSS.



Ályktun á haustfundi Félags íþróttaveðrarsambands Íslands vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum.

Félag íþróttaveðrarsambands Íslands (FÍÆT) lýsir yfir þungum áhyggjum vegna áfengissölu á íþróttaviðburðum á Íslandi. Íþróttastarf á Íslandi er mikilvægur og öflugur vettvangur heilsueflingar, forvarna og félagslegs þroska, sérstaklega meðal barna og ungmenna. FÍÆT telur að sala á áfengi á íþróttaviðburðum gangi þvert gegn tilgangi íþróttaveðrarsambands Íslands og sendi röng skilaboð um tilgang íþróttastarfseminnar, sérstaklega til barna og ungmenna.

FÍÆT bendir á að áfengissala á íþróttaviðburðum stuðli að aukinni hættu á óviðeigandi hegðun áhorfenda, neikvæðum áhrifum á fjölskylduvænt umhverfi og grafi undan þeim gildum sem íþróttir standa fyrir, svo sem jákvæðum félagsþroska og heilbrigðum lífsstíl. Fyrirmyn dir barna og ungmenna eru bæði innan vallar en líka í stúkunni og mikilvægt er að fyrirmyn dir í stúkunni séu líka til fyrirmyn dar.

FÍÆT leggur áherslu á að tryggja heilbrigrt umhverfi fyrir öll sem taka þátt í íþróttastarfi á Íslandi. Að þessu sögðu, skorar FÍÆT á stjórnvöld, sveitarfélög, íþróttasérsambönd, íþróttafélög og skipuleggjendur íþróttaviðburða að standa vörð um gildi íþróttahreyfingarinnar og tryggja að ekki verði selt áfengi á íþróttaviðburðum. Á sama tíma hvetur félagið til frekari umræðu um ábyrga stefnumótun þegar kemur að áfengisneyslu í tengslum við samfélagslega viðburði.

Kristinn Jónasson

From: Þórdís Helgadóttir Thors <thordis@umhyggja.is>
Sent: þriðjudagur, 28. janúar 2025 10:52
To: samband@samband.is; ki@ki.is; postur@midstodmenntunar.is; mrn@mrn.is;
perlingsson@gmail.com; annalilja@ki.is; bjarni.omar.haraldsson@samband.is
upplysingar@reykjavik.is; postur@seltjarnarnes.is; Reykjanesbær RNB;
skagafjordur@skagafjordur.is; Akureyri; mos@mos.is; Garðabær;
fjardabyggd@fjardabyggd.is; mottaka@hveragerdi.is; Akranes Email; Snæfellsbær;
Múlabing; kopavogur@kopavogur.is
Subject: Staða fatlaðra barna í fyrrhuguðu verkfalli Kennarasambands Íslands
Attachments: Ályktun.pdf

Some people who received this message don't often get email from thordis@umhyggja.is. [Learn why this is important](#)

Góðan dag

Meðfylgjandi má finna ályktun Umhyggju, Proskahjálpar, Einhverfusamtakanna, Sjónarhóls og ÖBÍ réttindasamtaka um stöðu fatlaðra barna í fyrrhuguðu verkfalli Kennarasambands Íslands.

Með ályktuninni viljum við vekja athygli á stöðu fatlaðra barna í fyrrhuguðu verkfalli og hvetja viðkomandi aðila til þess að tryggja að ekki eigi sér stað þjónusturof við fötluð börn og fjölskyldur þeirra ef til verfalls kemur.

Bestu kveðjur,
Þórdís Helgad. Thors
Lögfræðingur



Þími: 552-4242
Vefsíða: www.umhyggja.is
Heimilisfang: Háaleitisbraut 11-13, 108 rvk.
Tölvupóstur: info@umhyggja.is

Fyrirvara:

Pessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stilaður á. Ef sending bessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjaraskipti.

Disclaimer:

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. If you receive this message by mistake, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

Dagsetning: 28.01.2025

Frá: Umhyggju félagi langveikra barna, Landssamtökunum Proskahjálp, Einhverfusamtökunum, Sjónarhlí ráðgjafarmiðstöð og ÖBÍ réttindasamtökum.

Til: Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Efni: Staða fatlaðra barna í fyrirhuguðu verkfalli Kennarasambandsins

Undirrituð samtök vilja koma á framfæri og lýsa yfir áhyggjum sínum sem lúta að stöðu fatlaðra barna í sveitarfélögum þar sem fyrirhugað er að verkföll Kennarasambands Íslands hefjist um næstu mánaðamót. Til félaganna hafa leitað foreldrar fatlaðra barna og óskað eftir aðstoð og ráðgjöf varðandi úrræði fyrir börn sín, ef til ver�falls kemur.

Undirrituð samtök styðja kjarabaráttu kennara en binda vonir við að samningar náist sem fyrst og að viðræður leysist á farsælan hátt. Þrátt fyrir stuðning samtakanna við kjarabaráttu kennara er samtökunum nauðsynlegt og skylt að standa vörð um réttindi fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. Þjónustubörf þessara fjölskyldna er mikil og tryggð með lögum, m.a. með lögum nr. 38/2018 um réttindi fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Fyrrnefnd lög leggja ríkar skyldur á sveitarfélög landsins að þjónusta fötluð börn. Í lögunum er kveðið á um að opinberum aðilum beri að tryggja að þjónustan sé samþætt og samfelld.

Skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðum börnum breytast ekki þrátt fyrir að verfall hefjist og skólastarfsemi falli niður. Undirrituð samtök telja að sveitarfélögum beri að gera ráðstafanir og tryggja að fyrrnefnd börn fái nauðsynlega þjónustu vegna fatlana sinna á meðan verfalli stendur, þrátt fyrir að fá ekki kennslu í leik- eða grunnskóla sínum.

Undirrituð samtök biðla til undanþágunefnar Kennarasamband Íslands og sveitarfélaganna að taka til greina þær undanþágubeiðnir sem berast til nefndarinnar frá foreldrum fatlaðra barna og skólastjórum skóla þeirra, en sé talið að beiðnirnar uppfylli ekki skilyrði lagaákvæða um undanþágu telja undirrituð samtök að sveitarfélögini beri að tryggja að ekki verði þjónusturof við fötluð börn innan sveitarfélags.

Umhyggja félag langveikra barna, Landssamtokin Proskahjálp, Einhverfusamtokin, Sjónarhlí ráðgjafarmiðstöð og ÖBÍ réttindasamtök.



Landssamtokin
Proskahjálp



Einhverfusamtokin



Berist til Kristins Jónasonar/Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar 27.1.25

Góðan dag. Ég heiti Herdís L. Storgaard og er stofnandi góðgerðarfélagsins *Miðstöð slysavarna barna* (msb.is). Félagið stendur fyrir fræðslu fyrir foreldra um slysavarnir ungra barna á heimilum og öryggi beirra í bílum í samvinnu við heilsugæsluna. Kennsluaðstaðan er sérstök að því leiti að hún er innréttuð eins og heimili en það gerir hana betri þar sem foreldrar fá raunveruleg dæmi inn í efni námskeiðsins. Námskeiðin hafa alltaf verið ókeypis fyrir foreldra og ég hef ekki nein laun fyrir þessa vinnu.

Foreldrar fá boðsbréf að koma á þetta námskeið þegar konan er í 28 viku á meðgöngu og parið skráir sig á heimasíðuna . Námskeiðin eru haldin reglulega, að meðaltali eitt á viku, eða fleiri eftir þörfum. Ég legg þetta á mig því ég veit að engin er að sinna slysavörnum barna og ég vil leggja mitt af mörkum sökum sérstakrar þekkingu á málaflokknum.

IKEA og Sjóvá eru helstu styrktaraðilar verkefnisins og fjármagan leiguna fyrir kennsluaðstöðu í Hátúni 12 í Reykjavík.

Ástæða þess að ég sendi þetta bréf er sú að foreldrum á landsbyggðinni stendur þetta námskeið ekki til boða þar sem það er haldið í Reykjavík, né erlendum foreldrum sem ekki skilja íslensku, geta ekki sótt þetta námskeið óháð búsetu þar sem þau eru ekki kennd á öðru tungumáli.

Mig hefur lengi langað að útbúa námskeiðið í rafrænu formi. Þetta er ekki bara að ég standi og tali heldur er þetta upptaka af mér að fræða og sýna hluti til að foreldrar átti sig á hlutunum, þannig að þetta er talsverð klippivinna og nærmyndataka af hlutunum í íbúðinni. Ég er búin að gera verðkönnun og ódýrasta tilboðið fyrir fullunnið myndband er 2 milljónir. Myndband yrði textað á ensku til þess að mæta auknum fjölda foreldra af erlendum uppruna.

Heilsugæslan er tilbúin að auglýsa námskeiðið á öllum heilsugæslustöðum á landsbyggðinni og fyrir erlenda foreldra sem eiga von á barni eða hafa nýlega eignast barn. Þrátt fyrir að geta ekki styrkt verkefnið með fjármagni. Námskeiðið yrði þá kennt á netinu, bæði með myndandinu og svo fræðslu og spurningum í gegnum zoom. Í lok námskeiðs yrði boðið upp á frekari stuðning og foreldrarnir hefðu einnig aðgang að mér um aðstoð þeim að kostnaðarlausu. Boðið yrði upp á 1 til 4 námskeið á mánuði eða eftir þörfum.

Námskeiðið leggur áherslu á verðandi foreldra og á námskeiðinu er útskýrt fyrir þeim hverjar eru ástæðir slysa hjá börnum, öryggi á heimilinu, nýungar í öryggi ungbarna í svefnumhverfi beirra og öryggi barna í bílum . gengið er um húsið og atriði af gátlistanum skoðuð og þeim sýndar lausnir. Afar og ömmur eru líka boðin velkomin þeim að kostnaðar lausu.

Ég er því að biðla til ykkar um styrk kr. 50.000.- til að safna styrktar framlögum til fjármögnunar þessa myndbands sem er um kr.2.000.000. haft verður samband við önnur sveitarfélög um fjáframlag.

Með bestu kveðjur
Herdís Storgaard
Sími 8630194